

Alþingi
Erindi nr. P/140/2253
komudagur 8.5.2012

Rammaáætlun - Verndun Reykjanesskagans

hordur einarsson [hordur@rocketmail.com]

Sent: 8. maí 2012 11:34

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Til atvinnuveganefndar Alþingis
Efni: 727. mál. Tillaga til þingsályktunar um

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Ég, undirritaður Hörður Einarsson, Seljugerði 9, 108 Reykjavík, kt. 230338-5749, mæli með því við háttvirta alþingismenn, að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi verði alls ekki sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Þetta svæði á hvergi heima nema í verndarflokki. Hér er um að ræða einstaka náttúru í næsta nágrenni höfuðborgarinnar, og er þetta svæði miklu verðmætara sem náttúruperla heldur en sem virkjanasvæði. Þessa svæðis og Reykjanesskagans í heild bíða mikil tækifæri vegna náttúruskoðunar, bæði innlendra og erlendra gesta. Sumarið 2011 komu um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið og nutu náttúru þess.

Það verður að teljast fásinna ein að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði, en nú og í framtíðinni verður náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli sérstakt verðmæti. Meðal annars vegna hækkaðs eldsneytiskostnaðar eykst gildi náttúruverndarsvæða í nánd við þéttbýlið á Íslandi, sem jafnframt er í nágrenni við aðalkomustað erlendra ferðamanna til landsins.

Þá er það afdráttarlaust álit mitt, að Eldvörp eigi skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir, sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar, sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, í líkingu við Lakagíga. Virkjunaraðgerðir á þessum stað væri hreint **skemmdarverk** á náttúru Íslands.

Ágætu alþingismenn. Hugið fram í tímann. Hugið til komandi kynslóða og framtíðarhagsmuna Íslands. Tími sérhagsmunarþjónkunarinnar á að vera liðinn.

Virðingarfyllt,

Hörður Einarsson

Hörður Einarsson
hæstaréttarlögmaður
Seljugerði 9, 108 Reykjavík
tel. +354 568 4969
hordur@rocketmail.com